

Mánudaginn 6. október 1952.

Nr. 133/1952. **Ákærvaldið** (Einar Ásmundsson)

gegn

**Helga Óskari Einarssyni** (Sigurður Ólason).

Ákæra um ólöglega vörzlu áfengis.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Annar sá lögreglumanna, sem fann áfengisflöskuna í bifreið ákærða, hefur eftir uppsögu héraðsdóms borið það vætti, að lögreglumennirnir hefðu engan sérstakan grun haft um, að áfengi væri selt úr bifreið ákærða, en ákærði hefur ekki áður verið sakaður um áfengissölu. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir bera að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Einars Ásmundssonar og Sigurðar E. Ólasonar, kr. 800.00 til hvors.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. apríl 1952.**

Ár 1952, föstudaginn 18. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1122/1952: Ákærvaldið gegn Helga Óskari Einarssyni, sem dómtekið var 16. apríl s. l.

Málið er höfðað gegn Helga Óskari Einarssyni, til heimilis á Sogavegi 126 hér í bæ. Er hann samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra ákærður fyrir brot á 1. gr. laga nr. 47/1951 um breytingu á áfengislögum nr. 33/1935. Þykir ákærði hafa brotið nefnt lagaákvæði með því að hafa eina flösku af áfengi (aqua vitae) meðferðis í bíl sínum R-723 að kvöldi sunnudags

10. febrúar s.l. án þess að geta sannað með sterkum líkum, að áfengi þetta hafi ekki verið ætlað til sölu.

Ákæríst því nefndur Helgi Óskar til refsingar samkvæmt 2. gr. laga nr. 47/1951, upptöku hins ólöglega áfengis samkvæmt sömu lagagrein i. f. og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 1. apríl 1908 í Kolsholti í Villingaholtshreppi. Hefur hann sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

1946 19/6 Reykjavík. Sátt: Kr. 40 í sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1948 29/10 Reykjavík. Sátt: Kr. 60 í sekt fyrir brot á reglum um aðalgötur og hliðargötur og 31. gr., 1. mgr., lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Málavextir eru þessir:

Sunnudagskvöldið 10. febrúar s.l. gerði lögreglan leit að víni í mörgum leigubílum hér í bæ, en lögreglan hefur lengi haft grun um og jafnvel vissu, að áfengi væri almennt selt í leigubílum.

Í bíl ákærða R-723 fannst ein flaska af aqua vitae. Ákærði skýrði lögreglunni strax frá því og hélt fast við það undir allri rannsókn málsins, að hann hefði keypt áfengisflöskuna föstudaginn hinn næsta á undan í Áfengisverzlun ríkisins. Ætlun ákærða með vinkaupum þessum var að láta bróður sinn, Einar að nafni, hafa flöskuna, sem greiðslu fyrir flösku, sem ákærði hafði nokkru áður fengið lánaða hjá Einari. Ákærða hafði ekki tekizt að hitta Einar, og þess vegna var flaskan enn í bílnum, er lögreglan gerði leitina. Það fékkst staðfest hjá Einari, að ákærði skuldaði honum 1 flösku af aqua vitae. Þá upplýstu þeir bræður, að þeir lánuðu einatt hvor öðrum bæði vín og annað. Ákærða var kunnugt um efni laga nr. 47/1951, en tók þau ekki svo alvarlega, að hann teldi hættu á, að hægt væri að lenda í óþægindum vegna einnar víNFLösku.

Ef til vill má segja, að ákærði hafi ekki sýnt sérstakan áhuga á að skila bróður sínum flöskunni, þar sem hann segist hafa keypt hana í þessu skyni á föstudagskvöld, og flaskan var enn óafhent seint á sunnudagskvöld næsta á eftir. Það þykir samt varhugavert að telja annað en að ákærði hafi gert nægilega grein fyrir því, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu. Ber því að sýkna hann af ákærinni um brot á lögum nr. 47/1951 um breytingu á áfengislögum nr. 33/1935.

Samkvæmt þessu ber að ákveða, að allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Ólasonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 300.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Helgi Óskar Einarsson, skal vera sýkn sakar í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Ólasonar hrl., að upphæð kr. 300.00, greiðist úr ríkissjóði.